



# TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

4. tbl. apríl 2013



## Meðal efnis:

Undirbúningur kjaraviðræðna	2
Efling leikskólastigsins	4
Samþykktir sveitarfélaga	6
Almenningssamgöngur í Tallinn	8
Rétt málsmeðferð – öruggt skólastarf	9
Kynning á starfsmönnum	10



# KJARAMÁL

## Undirbúningur kjaraviðræðna

- landshlutfundir kjarasviðs



Sérfræðingar kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga eru þessa dagana á ferð um landið og funda með sveitarstjórnarmönnum og embættismönnum sveitarfélaga í öllum landshlutum. Tilgangur fundanna er að leita eftir sjónarmiðum þeirra um framkvæmd kjarasamninga og áherslur í komandi kjaraviðræðum.

Á hverjum stað eru haldnir þrjú fundir um aðgreind málefni. Fundað er með launafulltrúum um kjaramál og annað er snertir störf þeirra sérstaklega, annar fundurinn lýtur að undirbúningi kjarastefnu og kjaraviðræðna 2014 og sá þriðji að kjarasamningi og starfsumhverfi grunnskólakennara.



*Bjarni Ómar Haraldsson*

Nú þegar hafa verið haldnir fundir á Reykjanesi, Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi og á Vesturlandi. Fundirnir hafa verið vel sóttir, umræður góðar og hreinskiptar og fulltrúar kjarasviðs fengið dýrmætt veganesti, sem nýtt verður við undirbúning samningastefnu stjórnar sambandsins. Á næstunni verða haldnir fundir á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, og á Vestfjörðum.

Upplýsingar um þá fundi má sjá á vefsíðu sambandsins.



*Benedikt Þór Valsson*



*Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs*



*Sólveig B. Gunnarsdóttir*

## SKÓLAMÁL

# Efling leikskólastigsins – sumarstö

16. janúar 2012 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp til að setja fram aðgerðaráætlun til að fjölga þeim sem sækja um leikskólakennaranám og stuðla þannig að nauðsynlegri nýliðun meðal leikskólakennara. Í 9.

grein laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008 kemur fram að a.m.k. 2/3 hlutar starfsmanna er starfa við uppeldis- og menntunarstörf á leikskólum skuli vera leikskólakennarar en hlutfallið í dag er einungis 1/3. Til að uppfylla gildandi lög þyrfti að fjölga leikskólakennurum um u.þ.b. 1500. Ljóst er að auka þarf aðsókn í leikskólakennaranám og hækka

menntunarstig starfsfólks leikskóla til að uppfylla ákvæði laga. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu um aðgerðir til eflingar leikskólastigsins. Er hún aðgengileg á vef ráðuneytisins.



Af hálfu sambandsins þykir ástæða til að benda á þrjá möguleika fyrir sveitarfélög til að kynna það gróskumikla starf sem fram fer í leikskólum. Eru sveitarfélögin hvött til að leggja sitt af mörkum til eflingar leikskólastigsins því reynslan hefur sýnt að flestir sem fara í leikskólakennaranám hafi kynnst starfi leikskólans á einn eða annan hátt áður:





- Flest sveitarfélög bjóða unglingum í elstu bekkjum grunnskólans störf í vinnuskóla og hafa margir stigið sín fyrstu skref á vinnumarkaði þar. Eitt af markmiðum vinnuskólans er að undirbúa þátttöku unglinga í atvinnulífnum. Helstu verkefni eru snyrting og fegrun sveitarfélagsins en sum sveitarfélög bjóða einnig störf hjá ýmsum stofnunum og félögum sveitarfélagsins, þ.m.t. leikskólum.
- 9. apríl sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögu velferðarráðherra um ráðstöfun 250 milljóna úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að standa straum af átaksverkefni um sumarstöf fyrir allt að 650 námsmenn, 18 ára og eldri. Er þetta í fjórða sinn sem ráðist er í átak um að fjölga sumarstörfum og hafa stofnanir ríkisins og sveitarfélög ávallt sýnt verkefninu

mikinn áhuga og fjöldi námsmanna þar með átt kost á áhugaverðum sumarstörfum. Sjá nánar á vef Velferðarráðuneytisins.

- Liösstyrkur er átaksverkefni Samtaka atvinnulífsins, stéttarfélaga, sveitarfélaga og ríkisins. Markmið þess er að auðvelda atvinnurekendum nýráðningar á einstaklingum sem hafa verið lengi án vinnu. Með því skapast ný tækifæri bæði fyrir atvinnulífið og þá einstaklinga sem í hlut eiga, sem með þessu verkefni fá tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að nýju. Sjá nánar um verkefnið hér.

Sveitarfélög eru hvött til þess að leita leiða til að nýta þau tækifæri sem felast í framangreindum möguleikum til þess að vekja áhuga á leikskólanum sem vinnustað.

# STJÓRNSÝSLA

## Samþykktir sveitarfélaga

Gerð nýrra samþykktá sveitarfélaga þarf að ljúka fyrir lok júní

3. gr. Sveitarinnar breytast í samræmi við 3. gr.

3. gr.

3. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar og að fenginni umsögn viðkomandi fagnefnda, ræður deildarstjóra og aðra embættismenn sem heyra beint undir hann í skipuriti svo og framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarjóðs. Deildarstjórar ráða forstöðumenn að fenginni umsögn viðkomandi fagnefnda. Deildarstjórar forstöðumenn ráða aðra starfsmenn.

4. gr.

Sveitarstjórnir eru minntar á að samkvæmt lögum um breytingu á sveitarstjórnarlögum, sem samþykkt var í desember 2012, rennur framlengdur frestur til að ljúka gerð samþykktá um stjórn sveitarfélaga út þann 30. júní nk.

Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu hafa eingöngu verið birtar þrjár nýjar samþykktir á þessu ári, frá Akureyrarkaupstað, Dalvíkurbyggð og Fljótsdalshreppi. Allmörg sveitarfélög hafa hins vegar verið í sambandi við ráðuneytið um yfirferð nýrra samþykktá.

Samkvæmt ákvæðum 18. gr. sveitarstjórnarlaga þurfa samþykktir um stjórn og fundarskóp tvær umræður í sveitarstjórn og er ljóst að sveitarstjórnir þurfa að leggja áherslu á að ljúka þessari vinnu sem fyrst til að þær fái staðfestar af ráðuneytinu og birtar fyrir lok júní.

Sveitarstjórnir eru minntar á að samkvæmt lögum um breytingu á sveitarstjórnarlögum, sem samþykkt var í desember 2012, rennur framlengdur frestur til að ljúka gerð samþykktá um stjórn sveitarfélaga út þann 30. júní nk.



# TILKYNNINGAR

## Fjármálaráðstefna sveitarfélaga og Skólaþing sveitarfélaga 2013

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 3. október og föstudaginn 4. október nk. Við minnum þá sem ætla að sækja ráðstefnuna á að það borgar sig að bóka hótélherbergi snemma. Einnig má ná í hagkvæm flugfargjöld ef pantað er með nægum fyrirvara.

Þá verður Skólaþing sveitarfélaga haldið á Hilton Reykjavík Nordica mánudaginn 4. nóvember nk.

Á vefsíðu sambandsins, [www.samband.is](http://www.samband.is), verður unnt að skrá sig á báða viðburðina og verða þeir auglýstir nánar þegar nær dregur.



Frá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2012.



Frá skólaþingi sveitarfélaga 2011.

# ALÞJÓÐAMÁL



## Tallinn fer nýjar og djarfar leiðir í almenningssamgöngum

Bættar almenningssamgöngur eru í brennidepli hér á landi og þess vegna er áhugavert að skoða nýjungar í nágrannalöndunum á þessu sviði. Í upphafi árs hóf höfuðborg Eistlands, Tallinn, að bjóða upp á ókeypis almenningssamgöngur fyrir íbúa sína. Markmiðið er að draga úr notkun einkabíla og mengun. Til að markaðssetja þessa bættu þjónustu hefur borgin endurskoðað alla framsetningu upplýsinga og tekur þátt í evrópski hönnunarsamkeppni í því sambandi, „Design Management Europe Award 2012“. Hagnýting á upplýsingatækni er lykilþáttur í framkvæmdinni. Til þess að geta notið þessara fríðinda verða íbúar að sækja um rafrænt aðgangskort á netinu. Þetta hefur orðið til þess að borgin hefur fengið

upplýsingar um 9.000 nýja íbúa borgarinnar. Ferðamenn og íbúar grannsvaitarfélaga greiða áfram fargjöld. Sjá nánari kynningu á verkefninu.

Ákvörðunin um ókeypis almenningssamgöngur var tekin á grundvelli íbúakosninga þar sem 75% samþykktu að farið yrði í verkefnið. Sú kosning var að sjálfsgöðu rafræn en Eistland er eitt fárra ríkja í heiminum þar sem búið er að innleiða rafrænar kosningar í öllum kosningum. Íbúar geta valið um að kjósa að heiman eða mæta á kjörstað og kjósa þar rafrænt. Tallinn hefur einnig sótt um að fá útnefningu sem Græn höfuðborg Evrópu 2018.



Vel heppnuð námskeið:

## Rétt málsmeðferð – öruggt skólastarf



Námskeiðið *Rétt málsmeðferð – öruggt skólastarf* hefur nú verið haldið á sex stöðum vítt og breitt um landið og á enn eftir að halda tvö námskeið. Er námskeiðið ætlað stjórnendum grunnskóla, fræðslustjórum, starfsmönnum sveitarfélaga sem starfa að málefnum grunnskóla og formönnum skólanefnda.

Alls hafa ríflega 400 manns skráð sig til leiks og hafa þeir þátttakendur sem þegar hafa setið námskeiðið gert að þeim mjög

góðan róm í námskeiðsmati. Undirbúningur og framkvæmd námskeiðsins var í höndum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Næsta námskeið verður haldið á Egilsstöðum 6. maí en því hefur þurft að fresta í tvígang, m.a. vegna veðurs og ófærðar. Lokanámskeiðið verður svo í Reykjavík, föstudaginn 10. maí. Frekari upplýsingar um námskeiðin má lesa á vef sambandsins.



## Kynning á starfsmönnum sambandsins



**Valur Rafn  
Halldórsson**

Valur Rafn hóf störf á hag- og upplýsingasviði sambandsins þann 1. mars 2011.

Valur er stjórnýslufræðingur að mennt og annast m.a. söfnun og úrvinnslu gagna um rekstur og stjórnýslu sveitarfélaga. Sér um framkvæmd og úrvinnslu fjölbættra rannsókna um verkefni sveitarfélaga og vinnur úr mati á ýmsum viðburðum. Þá hefur hann umsjón með samstarfsstofnunum sambandsins, hafnasambandinu, orkusveitarfélögum, sjávarútvegssveitarfélögum og SSKS.



**Þóra Helgadóttir**

Þóra hóf störf á rekstrar- og útgáfuviði sambandsins þann 12. júní 2012.

Þóra sinnir launaútreikningi og bókhaldi, auk tilfallandi starfa við þjónustu og aðstoð við aðra starfsmenn sambandsins og samstarfsstofnana þess.



**Þóra Björg  
Jónsdóttir**

Þóra Björg hóf störf á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins þann 16. apríl sl.

Þóra vinnur að undirbúningi og gerð umsagna um lagafrumvörp, önnur þingmál og drög að reglugerðum, sinnir leiðbeiningum til sveitarfélaga og öðrum lögfræðilegum verkefnum ásamt öðrum lögfræðingum sviðsins.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100  
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson  
2013/12

*Afritun og endurprentun er heimil svo  
fremi sem heimildar er getið.*